


LISTIR



AFSTEYPU af verkinu Veðurspámaður eftir Ásmund Sveinsson verða til sölu í safnaverslunum á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni.

Veðurspámaðurinn

Í TILFNI af sýningunni Stíllinn í list Ásmundar Sveinssonar í Ásmundarsafni voru gerðar afsteypur af verkinu Veðurspámaður eftir Ásmund Sveinsson. Munu þær verða til sölu í takmörkuðu upplagi í safnaverslunum á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni.

Ásmundur Sveinsson skóp Veðurspámanninn í Reykjavík árið 1934, myndin var síðan stækkuð og steypt í steinsteypu sumarið 1939. Hún sýnir mann sem gáir til veðurs.

Ásmundur vann Veðurspámanninn í tveimur útgáfum, annars vegar klæddan árið 1934, hins vegar nakinn í stækkaðri mynd árið 1939. Afsteypan sem Ásmundarsafn hefur nú látið gera er gerð eftir útgáfunni frá 1934.

Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum er opið alla daga frá kl. 10-18. Ásmundarsafn er opið alla daga frá kl. 10-16. Safnaverslanir eru opnar á sama tíma.

Orðin

MYNDLIST


Listhús 39 —
Hafnarfirði

BLÖNDUÐ TÆKNI

Margrét Guðmundsdóttir
Opnið virka daga kl. 10-18,
laugard. kl. 12-18 og
sunnud. kl. 14-18 til 26. júní.
Aðgangur ókeypis.

LISTIN í trúnni eða trúin í listinni virðist mönnum hugleiðið viðfangsefni þessar vikurnar, ef marka má framboð sýninga á trúarlegri myndlist og úmræðu um þau efni. Er það vel, því tengsl listar og trúar eru jafn gömul hvoru tveggja, og munu væntanlega seint rofna algjörlega, þó á stundum virðist þráðurinn veikur sem tengir þessa mikilvægu þætti mannlífsins saman. Sé hann að styrkjast á ný hér á landi hin síðari ár kann það að boða nýja tíma í myndlistinni jafnt sem trúarlífínu, og er ekki ólíklegt að hvort tveggja kunni að njóta góðs af.

Margrét Guðmundsdóttir leggur sitt til þessa viðfangsefnis með sýningunni í Listhúsi 39, sem hún



MARGRÉT Guðmundsdóttir: „Ég er hinn sanni vínviður.“ 1995.

hefur gefið yfirskriftina „Orðin Hans“. Þar getur að líta fimmtán verk sem listakonnan hefur unnið með frjálsum hætti út frá textum Biblunnar, en þar hefur hún einkum leitað fanga í guðspjöllunum.

Margrét útskrifaðist frá grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands fyrir tveimur árum, en hafði áður stundað listanám í Gautaborg og Kaupmannahöfn auk þess að vera menntuð sem innanhússarkitekt. Hún hefur tekið þátt í nokkrum fjölda sýninga síðustu tvö ár, og þá ýmist sýnt grafíkverk, tölvu-grafík eða verk á myndböndum, en að þessu sinni

eru flest verkin unnin með blandaðri tækni á grunni grafíkmynda.

„Orðin Hans“ hafa vakið listakonuna til litríka hugrenninga, sem hafa oftan en ekki leitt af sér afstrakt úrvinnslu á því inntaki, sem viðkomandi boðskapur ber með sér; hin andlega trú kemur því einkum fram í flæði líta og forma, sem má líkja við flæði andans fremur en njörvaða staðfræði eða persónugerðir. Þannig er lita-spilið í myndinni „Lifandi vatn“ (nr. 1) í fullu samræmi við þann texta, sem hún sprettur af; „Mannssonurinn kemur“ (nr. 10) vísar á öruggan hátt til þeirrar

ofanbirtu, sem má vænta af því tilefni, og „Ég er hinn sanni vínviður“ (nr. 8) er fallega unnin tilvísun í þá ímynd stofns og greina tréins, sem felst í tilvitnuninni.

Tilefni hátíðarinnar er nýtt til fullnustu í síðasta verki sýningarinnar, sem ber einfaldlega titilinn „Á hvítasunnudag“ (nr. 15); inntakið er skýrt og tignarlega fram sett í ljósi þeirra viðburða, sem urðu þann dag í sögu kristinnar.

Einu undantekningarnar frá þessu óhlutbundna myndmáli er að finna í tveimur röðum lítilla mynda, þar sem annars vegar er vísað til fiskimannanna sem urðu annað og meira og hins vegar til innblásturs heilags anda, þegar lærisveinarnir tóku að tala öðrum tungum. Þessar myndraðir, einkum hin síðari, verða til þess að fylla enn betur inn í þann boðskap orðanna, sem hér er tekist á við.

Þetta litla rými í bakherbergi Listhússins að Strandgötu 39 er að sanna sig sem ágætur vettvangur fyrir ýmiss konar myndlist. Sýning Margrétar að þessu sinni er best metin í samhengi við það „Stefnumót trúar og listar“ sem nú stendur yfir handan götunnar, í lista- og menningarmiðstöðinni Hafnarborg. Þar er unnið á sama vettvangi í samhengi orða og boðskaps biblunnar með stórrí samsýningu, en sýningin hér er engu að síður ágæt viðbót við það efni sem þar getur að líta.

Eiríkur Þorláksson



VERÐLAUNAHAFAR frá í fyrra, Porkell Sigurbjörnsson tónskáld og Guðrún María Finnbogadóttir sópransöngkona.

Myndbandamaraþon

BÓKASAFN Norræna hússins mun í dag standa fyrir 24 klst. myndbandamaraþoni. Sýnd verða myndbönd sem framleidd hafa verið sérstaklega fyrir ungt fólk og myndbönd sem ungt fólk á Norðurlöndunum hefur sjálft staðið að.

Dagskráin hefst í dag kl. 14 og henni lýkur laugardaginn 10. júní kl. 14.

Bókasafn Norræna hússins hefur séð tvær ástæður til að setja þessa dagskrá saman sérstaklega fyrir ungt fólk.

Í fyrsta lagi verður opnuð sýningin „Mix 5“ laugardaginn 10. júní kl. 16.00 á Ingólfsstorgi. „Mix 5“ er farand-sýning sett upp í tveimur gámum sem ferðast mun á milli Norðurlandanna í þrjú sumur. Sýningin byrjar ferðalag sitt á Íslandi og mun hún standa til 23. júní og halda þá ferð sinni áfram til Nor-egs. Viðfangsefnið er nútíminn og sú veröld sem fjærst er söfnunum, nefnilega veröld unga-fólksins.

Í öðru lagi er dagskrá þessi hugsuð sem kynning á myndbandaútláni bókasafns Norræna hússins, þar sem sérstaklega hefur verið lögð áhersla á myndbönd fyrir börn og unglínga.

Á þessum 24 tímum verða sýnd myndbönd af ýmsum toga, bæði leiknar myndir og heimildarmyndir.

Einnig verður myndbandaupptökuvél á staðnum, sem allir munu hafa frjálstan aðgang að.

Myndbandið „Ný-rokk í Reykjavík“ eftir Harald Sigurjónsson verður m.a. frumsýnt á Myndbandamaraþoni í Norræna húsinu.


Norræna húsið verður öllum opið og aðgangur er ókeypis.

Ian Partridge syngur á Íslandi

Tekur þátt í flutningi á Maríuvesper eftir Monteverdi

HEIMSKUNNUR enskur tenörsöngvari, Ian Partridge, er væntanlegur til Íslands í byrjun septembermánaðar. Hann mun taka þátt í flutningi á Maríuvesper eftir Claudio Monteverdi ásamt einsöngvurum og hljóðfæraleikurum frá Þýskalandi og Sviss auk íslenskra tónlistarmanna. Stjórnandi á tónleikumunum verður Gunnsteinn Ólafsson.

Ian Partridge er löngu heimskunnur fyrir söng sinn. Hann hefur helgað Monteverdi drjúgan hluta starfsævi sinnar og flutt flest verka hans ásamt færustu tónlistarmönnum Englendinga. Það er því fengur í því að fá hann til þess að taka þátt í flutningi á einu kunnasta trúarlega tónverki tónskáldsins hér á landi.



Ian Partridge

Ian Partridge hefur haldið tónleika víða um heim. Systir hans, Jennifer, er undirleikari hans og þau hafa meðal annars haldið tónleika á Íslandi árið 1986. Þá tók hann einnig þátt í flutningi Pólyfónkórsins á Messíasi eftir Händel undir stjórn Ingólfs Guðbrandssonar.

Ian Partridge hefur gefið út fjölda hljómplata og geisladiska. Nýlega kom út hjá Chandos-fyrirtækinu geisladiskur með lögum eftir Robert Schumann í flutningi Ians Partridge ásamt Lynne Dawson og Julius Drake. Þessi útgáfa hlaut góðar viðtökur gagnrýnenda.

Árið 1992 var Ian heiðraður af breskum stjórnvöldum fyrir störf í þágu tónlistar í landinu.

Tónlistarverðlaun Ríkisútvarpsins

Sex valdir til keppni í TónVakanum

FJÓRÐA árið í röð efnir Ríkisútvarpið til tónlistarkeppni, er nefnist TónVakinn. Verðlaun hafa hlotið: Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari 1992, Þorsteinn Gauti Sigurðsson píanóleikari 1993 og Guðrún María Finnbogadóttir sópransöngkona 1994.

Ríkisútvarpið hefur jafnframt veitt starfandi tónlistarmanni heiðursfé fyrir áralöng og merk störf í þágu íslenskrar tónmenningar. Jón Nordal hlaut þessa viðurkenningu 1992, þá Páll P. Pálsson 1993 og Porkell Sigurbjörnsson 1994.

Fyrsti og annar hluti keppinnar í ár eru nú að baki. Sextán tónlistarmenn skráðu sig til keppni í fyrsta hlutanum. Í öðrum hluta keppinnar, sem fram fór mánudaginn 29. maí, voru eftirtaldir sex keppendur valdir til framhalds í 3. hluta:

Ármann Helgason, klarinett-

leikari, Emil Friðfinnsson, hornleikari, Jón Ragnar Örnólfsson, sellóleikari, Jón Rósmann Mýrdal, baritónsöngvari, Júlíana Rún Indriðadóttir, píanóleikari, og Sigurður Marteinsson, píanóleikari.

Sigurvegurinn kemur fram með Sinfóníuhljómsveitinni

Þriðji hluti keppinnar, sem fer fram mánudaginn 31. júlí, felst í því að flytja a.m.k. 40 mínútna efnisskrá fyrir dómnefnd í sal, líkt og um tónleika væri að ræða. Þessum tónleikum verður útvarpað á Rás 1 á sunnudögum í ágústmánuði og fram í september, en að því búnu verður tilkynnt, hver hlýtur TónVaka-verðlaunin í ár.

Sigurvegurinn kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Háskólabíói 26. október nk., undir stjórn Ola Rudners.